Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 7. apríl 2025
25031723/103.03 ABS

Reglur um tekjutengda afslætti af dvalargjöldum í leikskóla

1. gr.
Markmið

Reglur þessar eiga við um dvalargjöld í leikskólum í Kópavogi.
Kópavogsbær veitir foreldrum/forsjáraðilum með tekjur undir gildandi tekjuviðmiðum tekjutengdan afslátt af dvalargjöldum í leikskóla með það að markmiði að koma til móts við fjölskyldur með ung börn í sveitarfélaginu.

2. gr.
Skilyrði

Til þess að eiga rétt á að tekjutengdum afslætti þurfa meðaltekjur fyrir skatta að vera innan tekjuviðmiða sem birt eru í gjaldskrá leikskólagjalda. Upphæð afsláttar fer eftir því undir hvaða tekjuviðmið meðaltekjur falla og hvort umsækjandi er einstæður eða í sambúð.

Við mánaðarlegan útreikning á tekjutengdum afsláttum er miðað við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði sem aðgengilegir eru í skattaupplýsingum hjá Skattinum hverju sinni. Athygli er því vakin á því að afslættir geta verið breytilegir milli mánaða ef tekjur eru breytilegar milli mánaða.

Með umsókn um tekjutengdan afslátt veitir umsækjandi Kópavogsbæ heimild til þess að sækja skattaupplýsingar mánaðarlega til staðfestingar á því að forsendur tekna séu innan tekjuviðmiða.
Hægt er að afturkalla ofangreinda heimild hvenær sem er og þá mun möguleiki á tekjutengdum afslætti einnig falla niður. Afturköllun þarf að gera með rafrænni undirritun og hægt er að óska eftir því með tölvupósti eða með skilaboðum á Þjónustugátt.

Skattaupplýsingarnar verða hvergi geymdar heldur aðeins upplýsingar um það hvort umsækjandi á rétt á tekjutengdum afslætti eða ekki og hver afsláttar prósenta er hverju sinni.

Í tilviki sambúðarfólks þarf maki umsækjanda einnig að skrifa rafrænt undir umsókn og staðfestingu um heimild Kópavogsbæjar um uppflettingu í skattaskrá. Umsókn telst ekki gild fyrr en rafrænar undirskriftir liggja fyrir.

Kópavo

3. gr.
Umsókn

Foreldrar/forsjáraðilar sækja um tekjutengdan afslátt af dvalargjöldum í leikskóla í gegnum þjónustugátt. Umsókn um afslátt þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar til þess að taka gildi frá og með næstu mánaðarmótum á eftir. Afsláttur er ekki veittur afturvirkt.

4. gr.
Gjaldskrá

Frekari upplýsingar um afslætti og gjöld má finna undir „Leikskólagjöld" á vefsvæði fyrir Gjaldskrár á vefsíðu sveitarfélagsins. Tekjuviðmið eru birt í gildandi gjaldskrá hverju sinni. Tekjuviðmið taka mið af þróun vísitölu launa og taka breytingum samhliða breytingum á gjaldskrá leikskólagjalda.

5. gr.
Leiðréttingar

Ef veittir eru afslættir á röngum forsendum eða umfram það sem þessar reglur segja til um, áskilur Kópavogsbær sér rétt til leiðréttingu gjalda, m.a. í tilvikum þar sem leiðrétting kann að vera á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til afsláttar.

6. gr.
Aðrir afslættir

Systkinaafsláttur reiknast til viðbótar við tekjutengdan afslátt þegar við á.

Reglur þessar gilda frá 1.maí 2025

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Rafræn skilríki

Undirritað af: Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Kennitala: 2706685269
Tími: 08.04.2025 15:06
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign